



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fundargerð.

348. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, mánudaginn 16. júní 2014 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Kosning oddvita.

Gengið var til skriflegrar kosningar oddvita. Gunnar Þorgeirsson hlaut 3 atkvæði og 2 atkvæði auð, er því Gunnar Þorgeirsson rétt kjörinn oddviti út kjörtímabilið.

2. Kosning varaoddvita.

Gengið var til skriflegrar kosningar varaoddvita. Hörður Óli Guðmundsson hlaut 3 atkvæði og 2 atkvæði auð, er því Hörður Óli Guðmundsson rétt kjörinn varaoddviti út kjörtímabilið.

3. Ráðningarsamningur sveitarstjóra.

Ráðningarsamningur sveitarstjóra lagður fram til staðfestingar og samþykktur með þremur atkvæðum. Fulltrúar K lista sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ingibjörg Harðardóttir vék sæti við afgreiðslu málsins en Björn Kristinn Pálmarsson tók sæti sem varamaður.

4. Laun sveitarstjórnarmanna og nefndarlaun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun nefndarmanna sveitarfélagsins verði eftirfarandi:

Almennar nefndir fá kr. 8.000 fyrir hvern fund en formaður kr. 16.000.

Ekki verður greitt sérstaklega fyrir akstur.

Kjörstjórn fær kr. 8.000 fyrir hvern fund en formaður kr. 16.000.

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga verður metinn sem sex fundir en aðrir kjörfundir svo sem Alþingiskosningar sem fimm fundir. Greitt verður sérstaklega fyrir akstur samkvæmt aksturdagbók.

Laun sveitarstjórnar verði 8% af þingfararkaupi og ekki greitt sérstaklega fyrir aðra auka fundi. Greitt verður sérstaklega fyrir akstur.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Sveitarstjórn samþykkir með þremur atkvæðum að starfshlutfall oddvita verður 75% og varaoddvita 30%. Laun miðast við hlutfall launa sveitarstjóra. Fulltrúar K-lista sitja hjá við afgreiðslu þessa liðar.

5. Skipun í nefndir:**a) Kjörstjórn.**

Guðmundur Jóhannesson, formaður
Linda Sverrisdóttir
Birgir Thomsen

Til vara

Ragna Björnsdóttir
Helga Haraldsdóttir
Kristín Konráðsdóttir

b) Fræðslunefnd.

Guðný Tómasdóttir, formaður
Ása Valdís Árnadóttir
Pétur Thomsen

Til vara

Benedikt Gústavsson
Björn Kristinn Pálmarsson
Hólmfríður Árnadóttir

c) Húsnefnd félagsheimilisins Borg.

Guðmundur Jónsson
Ágúst Gunnarsson

Til vara

Pálmar Karl Sigurjónsson
Karl Þorkelsson

d) Æskulýðs og menningarmálanefnd.

Hugrún Gréta Sigurðardóttir, formaður
Steinar Sigurjónsson
Karl Þorkelsson

Til vara

Auður Gunnarsdóttir
Antonía Helga Guðmundsdóttir
Ólafur Ingi Kjartansson

e) Umhverfisnefnd.

Hörður Óli Guðmundsson, formaður
Ragna Björnsdóttir
Eva Guðbjartsdóttir

Til vara

Hildur Magnúsdóttir
Þorkell Gunnarsson
Pétur Thomsen

f) Atvinnumálanefnd.

Ása Valdís Árnadóttir, formaður
Hildur Magnúsdóttir
Karl Þorkelsson

Til vara

Steinar Sigurjónsson
Árni Þorvaldsson
Jón Örn Ingileifsson

g) Samgöngunefnd.

Birgir Leó Ólafsson, formaður

Til vara

Björn Kristinn Pálmarsson



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

- Ása Valdís Árnadóttir
Jón Örn Ingileifsson
- Guðmundur Jóhannesson
Ágúst Gunnarsson
- h) Fjallskilanevnd.**
Auður Gunnarsdóttir, formaður
Benedikt Gústavsson
Kjartan Gunnar Jónsson
Sigrún Jóna Jónsdóttir
Ingólfur Oddgeir Jónsson
- Til vara
Þorbjörn Jósep Reynisson
Antonía Helga Guðmundsdóttir
Björn Snorrason
Hannes Gísli Ingólfsson
Guðrún Sigurhjartardóttir
- i) Veitunefnd.**
Birgir Leó Ólafsson, formaður
Hörður Óli Guðmundsson
Jón Örn Ingileifsson
- Til vara
Árni Þorvaldsson
Þorkell Gunnarsson
Karl Þorkelsson
- j) Fulltrúi í Skipulagsnefnd Uppsveita.**
Gunnar Þorgeirsson
- Til vara:
Ingibjörg Harðardóttir
- k) Fulltrúi í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna.**
Hörður Óli Guðmundsson
- Til vara:
Björn Kristinn Pálmarsson
- l) Fulltrúar í Héraðsnefnd Árneshöfna bs.**
Gunnar Þorgeirsson
Guðmundur Ármann Pétursson
- Til vara:
Hörður Óli Guðmundsson
Sigrún Jóna Jónsdóttir
- m) Fulltrúi í Almannavarnarnefnd Árneshöfna.**
Ingibjörg Harðardóttir
- Til vara:
Gunnar Þorgeirsson
- n) Fulltrúi í Oddvitanefnd Uppsveita Árneshöfna.**
Gunnar Þorgeirsson
- Til vara:
Hörður Óli Guðmundsson
- o) Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Gunnar Þorgeirsson
- Til vara:
Hörður Óli Guðmundsson



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

p) Fulltrúar á aðalfund SASS.

*Gunnar Þorgeirsson
Guðmundur Ármann Pétursson*

Til vara:

*Hörður Óli Guðmundsson
Sigrún Jóna Jónsdóttir*

q) Fulltrúar á aðalfund

Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

*Gunnar Þorgeirsson
Guðmundur Ármann Pétursson*

Til vara:

*Hörður Óli Guðmundsson
Sigrún Jóna Jónsdóttir*

r) Fulltrúi á aðalfund

Sorpstöðvar Suðurlands.

Gunnar Þorgeirsson

Til vara:

Hörður Óli Guðmundsson

s) Fulltrúi á aðalfund

Eignarhaldsfélags Suðurlands.

Ingibjörg Harðardóttir

Til vara:

Hörður Óli Guðmundsson

6. Fundartími sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fundartími sveitarstjórnar verði fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði kl. 9.00.

7. Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Samþykkt er samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst. Fyrsti fundur eftir sumarleyfi er því 20. ágúst 2014.

8. Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verði lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna frá 28. júlí til og með 15. ágúst 2014.

9. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. maí 2014.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. maí 2014 liggur frammi á fundinum.

10. Fundargerðir.

a) 72. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 22. maí 2014.

Mál nr. 1, 4 og 14 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 72. fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, dags. 22. maí 2014. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: 170907 Nesjar við Hestvík



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að grenndarkynna umsóknina í samræmi við 44. gr. skipulagslaga enda er nýtingarhlutfall lóðar nú undir 0,03.

Mál nr. 4: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. apríl til 21. maí 2014.

Mál nr. 14: DSK Öndverðarnesi - Hlíðarhólsbraut

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir deiliskipulagið með þeim breytingum sem lagðar voru fram til að koma til móts við ábendingar Skipulagsstofnunar.

b) Fundargerð 9. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 15. maí 2014.

Fundargerðin lögð fram og hún staðfest.

c) Fundargerð Oddvitanefndar Uppsveita Árnessýslu, 22. maí 2014.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. Kennslukvóti grunnskóladeildar Kerhólsskóla.

Á fundinn mætti Sigmar Ólafsson, skólastjóri Kerhólsskóla og ræddi um viðbótar kennslukvóta vegna skólaársins 2014/2015. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu til næsta fundar.

12. Málefni leik- og grunnskóla.

Undir þessum lið sat Sigmar Ólafsson og fór yfir málefni leik- og grunnskóla. Samþykkt er að taka málefnið fyrir aftur á næsta fundi.

13. Úthlutun vegstyrkja til frístundabyggða.

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um vegbætur í frístundabyggð voru teknar fyrir umsóknir félaga frístundabyggða og sumarhúsaeiganda þar sem óskað er eftir styrk til vegabóta. 16 umsóknir bárust og var leitað umsagnar samgöngunefndar. Höfð var hliðsjón af úthlutun síðustu ára, hversu nýlegir vegirnir eru, hversu löng heildarvegalengd hvers hverfis er og fjölda lóða og hús í hverfinu. Samþykkt er að eftirtaldir aðilar fái styrki til vegabóta árið 2014, samtals að fjárhæð kr. 1.800.000.

Félag lóðareigenda í landi Minna-Mosfells	kr. 70.000
Félag sumarbústaðaeigenda í Norðurkotslandi FSNN	kr. 265.000
Félag lóðareigenda í Farengi (í landi Miðengis) Grímsnesi	kr. 70.000
Félag sumarhúsabyggðar við Ásabraut	kr. 100.000
Félag sumarbústaðaeigenda við 5. braut	kr. 75.000
Landeigendur Nesi v/Apavatn	kr. 70.000
Félag landeigenda við Mosabraut og Hrauntröð í Vaðnesi	kr. 70.000
Félag sumarhúsaeigenda í Kerengi	kr. 70.000



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

<i>Félag landeigenda í Vaðnesi</i>	<i>kr. 70.000</i>
<i>Sumarhúsafélagið Hestvík</i>	<i>kr. 150.000</i>
<i>Öndverðanes ehf</i>	<i>kr. 265.000</i>
<i>Félag lóðareigenda í Miðborgum</i>	<i>kr. 100.000</i>
<i>Klausturhóll félag sumarhúsaeigenda</i>	<i>kr. 200.000</i>
<i>Félag land- og frístundahúsaeigenda við A og B götu úr Norðurkotslandi</i>	<i>kr. 200.000</i>
<i>Heiðartjörn, félag í frístundabyggð</i>	<i>kr. 25.000</i>

14. Beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki V í Hótel Borealis, Efri-Brú, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki V í Hótel Borealis, Efri-Brú, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

15. Beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) í Lundi, Þórsstíg 30, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Lundi, Þórsstíg 30, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

16. Beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Þjónustumiðstöð Hraunborga, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Þjónustumiðstöð Hraunborga, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

17. Samkomulag um klæðningu á heimreiðina að Bíldsfelli.

Fyrir liggur samkomulag milli Grímsnes- og Grafningshrepps og ábúenda á Bíldsfelli vegna klæðningar á heimreiðina að Bíldsfelli. Sveitarstjórn staðfestir með þremur atkvæðum fyrir liggjandi samkomulag. Fulltrúar K-lista sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn beinir því til samgöngunefndar að auglýsa eftir umsóknum vegna klæðningar á heimreiðar sem styrktar verða á næstu fjórum árum.

18. Bréf frá Vegagerðinni vegna úthlutunar úr styrkvegasjóði.

Fyrir liggur bréf frá Vegagerðinni, dagsett 27. maí 2014 þar sem tilkynnt er að sveitarfélagið hafi fengið styrk úr styrkvegasjóði að fjárhæð kr. 500.000 til viðhalds á vegslóðanum með Skeifilfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja fram mótframlag að fjárhæð kr. 200.000 til viðhalds á vegslóðanum.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 155. stjórnarfundar 14.03 2014.
- ✓ Bréf frá Minjastofnun Íslands, dagsett 28. maí 2014 vegna umsagnarbeiðni deiliskipulags Kerbyggðar í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga, ársskýrsla 2013.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Samtök um kvennaathvarf, ársskýrsla 2013.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:55